

ÉG FÉKK DÁLÍTIÐ BRJÁLAÐA HUGMYND

LARRY var að setja upp annað af tveimur stórum rýmisglerlistaverkum sínum í vestursal Kjarvalsstaða þegar blaðamaðinn bar að garði. Með honum voru tveir aðstoðarmenn sem komu með honum frá Los Angeles og Nýju Mexíkó í Bandaríkjunum en Bell er búsettur í Nýju Mexíkó. „Á morgun ætlum við að reisa verkið í ysta hluta salarins,“ segir Bell en salnum er skipt í fernt með stórum skilrúmum. „Þá fer að reyna á kraftana því þessar glerplötur eru gríðarlega þungar og ég er tekinn að eldast,“ segir listamaðurinn með lágværrri bassaródd, brosir og dregur sér reyk úr stórum vindli.

Bell er einn af þeim listamönnum sem tilheyrðu hinni svokölluðu minimalistahreyfingu sem varð til í lok sjötta áratugarins í Bandaríkjunum og hafði strax gífurleg áhrif á myndlistarheiminn. Í þeim hópi voru til dæmis Carl André, Donald Judd, Robert Morris og Dan Flavin en *minimalstefnan*, ef stefnu skyldi kalla því listamennirnir sjálfir vilja og vildu síður láta kalla sig minimalista, skapaði nýja fagurfræðilega viðmiðun sem hefur haft mikil áhrif á fagurfræðilega upplifun og framsetningu í listheiminum og í samfélaginu almennt eins og segir í fréttatilkynningu frá Kjarvalsstöðum. „Ég lít frekar á mig sem sensualista,“ segir Bell. „Öll verk mín eru byggð á tilfinningunni fyrir forminu og hvernig áhorfandinn kemur að því og upplifir það. Verkin eru ekki byggð upp sem hugmyndafræðileg verk og þau eru ekki minimalísk nema með skírskotun fyrir mig persónulega og hvernig mér finnst ljósið verka með efninu. Ég lít á ljósið og yfirborð glersins sem minn miðil.“

Larry Bell hefur alltaf notað glerið í sinni list og ýmist málað form á glerplötur og glerkassa sem mynda þá einskonar sjónhverfingu eða leik fyrir augað eftir því hvar er horft og hvernig birtan fellur á það á mismunandi tímum dagsins. „Ég hef ekki gert neina glerkassa í um fimm ár. Með þeim er ég ekki að búa til sjónhverfingar því allt sem þú sérð er þarna í raun og veru. Sambandið á milli ljóss og glers eru raunveruleg sambönd.“

Sýningarsalurinn er vinnustofa

Þegar blaðamaður hitti listamanninn voru verkin græn að lit en sá litur átti eftir að hverfa. Liturinn er filma sem verður tekin af og eftir stendur glært glerið með sérstakri málmhúð sem virkar þannig að annar helmingur hvernar glerplötu endurspeglar ljósi en hinn er alveg gegnsær. „Þessi endurspeglun gerir töfrandi hluti við ljósið sem fellur á það.“ Hægt er að virða verkið fyrir sér frá öllum hliðum, ganga í kringum það og í gegnum það. Það er þó ekki nauðsynlegt að sögn listamannsins heldur er að hans sögn athyglisverðast að standa á lengdar og virða verkið fyrir sér formrænt. „Ljósið, sem umlykur veggina og gólfið, endurspeglast í verkunum,“ segir Bell og krækir höndunum saman til útskýringar. Hann segir það oft mjög heillandi að spila þannig með ljósið og verkin þegar einn hluti rýmisins er dimmur en hinn helmingurinn sé uppsprettu ljóssins. „Þannig að það sé munur á rýminu fyrir aftan skúlptúrinn og fyrir framan hann. Ef ljósið er of jafnt er það oft minna spennandi. Þetta er allt spuni og



Morgunblaðið/Kristinn

„ÉG HEF aldrei haft möguleika á að sýna þessi verk mín í jafn stórum og góðum sýningarsal.“

Bandaríski myndlistarmaðurinn Larry Bell opnar sýningu á verkum sínum, glerskúlptúrum sem spila með ljósinu, og samklippsmyndum af Íslandi, á Kjarvalsstöðum í dag klukkan 16. ÞÓRODDUR BJARNASON hitti hann að máli.

ég lít á sýningarsalinn sem framlengingu á vinnustofunni minni.“

Nú eru sýningarsalir mjög misjafnir. Þarft þú ekki að laga verkin eftir staðnum sem þau eru sýnd á?

„Þegar Gunnar bauð mér að koma hingað til að skoða salinn sá ég strax að þessi verk myndu passa fullkomlega inn í rýmið. Ég hef aldrei haft möguleika á að sýna þau í jafn stórum og góðum sal og þessum.“

Það mikilvægasta fyrir mig er að læra eitthvað nýtt af hverri sýningu og hverju verki, að öðrum kosti er allt unnið fyrir gýg.“

Verk þín krefjast þess þá alltaf að þú komir og setjir þau upp sjálfur.

„Ég hafa bara mjög gaman af því, þrátt fyrir að ég kvarti stundum undan þyngdinni á glerplötunum,“ segir Bell og brosir. „Það er hluti af því að búa til verkið, að lyfta plötunum, stilla þær af og setja þær saman, og glíma við erfiðleikana sem koma upp við uppsetninguna, eins og til dæmis með gólf- ið sem þarf að vera sem réttast og beinast.“

Verk listamanna, sem tilheyrðu minimalistahreyfingunni, eins og Donalds Judds, sem er líklega sá þekktasti af þeim, voru gjarnan unnin í verksmiðjum og hönd listamannsins þar hvergi sjáanleg. Bell segir Judd, sem lést fyrir fáeinum árum, hafa

kunnað að notfæra sér verksmiðjur á réttan hátt. „Hann gerði þetta miklu betur en ég. Hann gat náð fram því besta út úr fjöldaframléiðslutækjunum þannig að hann varð fullkomlega ánægður með útkomuna. Ég aftur á móti get ekki látið framléiða verkin til enda því ég verð sjálfur að mæta efninu að rýminu. Stundum byggist lýsingin á verkunum mínum á því hvernig listamaðurinn sem sýndi á undan mér í salnum lýsti og hvernig afstaða ljóskastaranna er. Þannig móta aðstæðurnar verk mín og þannig tengist ég aðstæðunum á hverjum stað.“

Þessi málmfilma sem þú berð á glerið, er hún þín uppfinning?

„Já ég þróaði þessa aðferð í vinnustofunni minni og bar á glerið sjálfur þangað til ég ákvað að hætta þessu, þetta var alltof dýrt, og ég hætti að gera svona verk í nokkur ár. Fyrir tveimur árum fann ég loksins fyrirtæki í Þýskalandi sem gat gert þetta fyrir mig mun ódýrara. Ég kom með sýnishorn af glerinu og þeir gerðu síðan glerið nákvæmlega eins og ég vildi hafa það, allt frá því að búa til plötuna að því að skera hana til og bera málmhúðina á. Þetta er frábært, því ef ég gerði mistök hér áður fyrr var verkið ónýtt og ég þurfti að henda því og bera tjónið, en ef þeir gera mistök

þá þurfa þeir að henda því,“ segir Bell.

Bell bjó í Los Angeles þar til hann flutti til Nýju Mexíkó árið 1973. Hann var á mála hjá stórum og þekktum galleríum sem sáum um að selja verk hans og kynna, Sonnenbend og Pace. En afhverju ákvað hann að flytja og hætta hjá þessum galleríum?

„Ég er ekkert alltof sniðugur,“ segir Bell og bætir svo við eftir langa þögn, „auk þess sem ég vildi ekki láta svona stór gallerí ráðskast með mig. Það voru stór mistök viðskiptalega séð að fara frá Pace galleríinu en fyrir mig andlega var það mikill léttir.“

Nýjustu verkin „figúratívar“ bronsstytur!

Nú er ekkert eitt gallerí sem fer með hans mál heldur sýnir hann hjá hverjum þeim sem sækjast eftir verkum hans. Verk hans hafa þó ekki verið mikið sýnd í Evrópu og til dæmis er sýningin á Kjarvalsstöðum sú fyrsta á Norðurlöndunum. „Ég hef einkum sýnt í Frakklandi. Það er erfið að flytja verkin mín og kostar töluverða fyrirhöfn. Ef ég hefði fundið þetta þýska fyrirtæki fyrir 20 árum er allt eins víst að ég hefði sýnt miklu meira í Evrópu. Það er svo mikill kostnaður við svona verk, að tryggja þau og slíkt og það vefst fyrir sýningarstjórum. Þessi verk sem ég er að sýna núna eru verk sem ég hefði átt að gera fyrir 20 árum, ég er bara að gera nokkuð sem ég hafði ekki ráð á að klára á þeim tíma, ég er að loka hringnum.“

Ef þú hefur fundið fyrirtækið á þeim tíma heldur þú að þú hefðir þroskast hraðar í listinni, að þróunin hefði orðið örrari?

„Nei, ég gerði aðra hluti. Listamaðurinn getur gert hvað sem hann vill, hann þarf bara að trú á það sem hann er að gera. Ég er til dæmis nýbúinn að gera mínar fyrstu höggmyndir úr bronsi og þær eru „figúratívar“. Blaðamaður hvár. „Minimalistinn“ að gera „figúratívar“ bronsmyndir. Afhverju varstu að gera slík verk?”

„Það var arkitekt og vinur minn, Frank Gehry, sem bað mig að gera tillögu að stóru verki sem staðsetja átti fyrir framan byggingu sem hann teiknaði. Ég fékk dálítið brjáláða hugmynd og skilaði henni inn. Ég gerði módel og skrifaði sögur um figúrurnar. Þær eru átta metra háar. Þetta eru einskonar spýtukarlar og þeir eru mjög ólíkir verkunum sem eru hér. Formin eru þó mjög einföld og sjálfsprottin.“

Eyðilaggt með byssu og grjóti

Hefurðu gert einhver fleiri útilistaverk?

„Já, en það hafa komið upp stór vandamál með þau. Ég gerði til dæmis ákaflega fallegt verk í Texas en það var alltaf verið að brjóta það. Fólk henti steinum í það og það var meira að segja skotið á það úr byssu, það var hrikalegt.“

Sýningargestir munu einnig fá að sjá annarskonar verk, samklippimyndir sem listamaðurinn hefur gert úr myndum af Íslandi!

„Ég kom með 175 samklippimyndir af Íslandi, þetta eru allt myndir sem ég hef unnið á síðustu mánuðum úr hlutum sem minntu mig á fyrri ferð mína hingað til lands þegar ég kom og skoðaði aðstæður.“

Hvernig myndir eru þetta nákvæmlega? „Þú verður bara að mæta á sýninguna.“